

(/)

SUNNUDAGUR, 29. MAÍ 2016

SKOÐUN (/skodun)



Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Recommend

0

Tweet

28. mars 2014 13:14

Samkeppnislög áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja

Fyrirtæki hér á landi þurfa að tileinka sér þær meginreglur sem gilda um vandaða stjórnarhætti.



Samkeppniseftirlitið

(/media/cache/f9/fb/f9fb165f29d24de98a196af2408a8633.jpg)

 **Haraldur Guðjónsson**

Í síðustu viku hélt Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti fyrirtækja ráðstefnu hvar fjallað var um nefnt málefni og ellefu fyrirtækjum, sem hlotið hafa vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í vönduðum stjórnarháttum, var veitt sérstök viðurkenning vegna þessa. Umræða um mikilvægi vandaðra stjórnarháttanna fer lágt héraendis, sér í lagi þegar horft er til þess að í löndum í kringum okkur hefur fjöldi stærri fjárfesta dregið skýra línu í sandinn um þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja um að viðhafa vandaða stjórnarhætti í raun og sanni. Íslenski markaðurinn mun þó án vafa fylgja á eftir þeim sem stærri eru um síðir.

Það frumkvæði sem viðskiptalífið hefur sýnt með útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og sú vottun sem fyrrgreind rannsóknarmiðstöð veitir ber að fagna. Það er ekki aðeins hagur viðskiptalífsins að hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja séu skýrlega mörkuð, heldur er það hagur samfélagsins alls.

Með framsögu á áðurnefndri ráðstefnu fór nokkur fjöldi fyrirsvarsmanna fyrirtækja sem hlotið hafa vottun sem fyrirmyndarfyrirtæki í vönduðum stjórnarháttum. Bæði af erindum þeirra og umræðum sem á eftir fylgdu, var nokkur samhljómur með þessum aðilum að þrátt fyrir þá góðu vegferð sem fyrirtæki þeirra hefðu farið í gegnum í vottunarferli, þá væri ljóst að einn stærsti áhættuþáttur í rekstri þeirra kæmi þar hvergi til skoðunar. Sá þáttur varðaði ákvæði samkeppnislaga og hvernig bæri að umgangast þau.

Þessi umræða er allrar athygli verð. Matskennd ákvæði samkeppnislaga krefjast þess að fyrirtæki þekki vel stöðu sína í samkeppnisréttarlegu tilliti, þ.e. á hvaða mörkuðum þau starfa, hverjir séu keppinautar þeirra, hver markaðshlutdeild þeirra og keppinauta kann að vera og eðli samkeppninnar á hlutaðeigandi mörkuðum að öðru leyti. Þetta mat reynist oft erfitt og til að flækja veruleikann enn frekar er það síbreytilegt. Staðreyndin er sú að í fæstum tilvikum er til staðar þekking innan fyrirtækja til að framkvæma matið. Áhætta af broti gegn ákvæðum samkeppnislaga er því töluverð og vanþekking á gildandi lögum leysir hvorki fyrirtæki né stjórnendur undan ábyrgð þegar háttsemi þeirra kemur til skoðunar samkeppnisyfirvalda.

Í fyrirtæki þar sem vandaðir stjórnarhættir eru viðhafðir hefur stjórn forystu, ásamt framkvæmdastjóra, um að móta stefnu og setja markmið og áhættuviðmið félagsins bæði til skemmri og lengri tíma. Í leiðbeiningum Viðskiptaráðs um vandaða stjórnarhætti er þannig við það miðað að markmiðasetning félagsins ætti a.m.k. að taka til starfsemi þess, fjárhagsupplýsinga, samfélagslegs hlutverks og eftirfylgni við lög og reglur. Í ljósi samkeppnisréttarlegrar áhættu, og þess tjóns sem orðið getur ef háttsemi fyrirtækis telst fara gegn ákvæðum samkeppnislaga, má færa fyrir því sterk rök að í markmiðasetningu félags sé rétt að víkja að eftirfylgni við samkeppnislög.

Skýr og skrifleg áætlun um eftirfylgni við samkeppnislög er síður en svo óþekkt. Færst hefur í vöxt að fyrirtæki setji sér sérstaka samkeppnisréttaráætlun, þar sem markmiðum félags um eftirfylgni við samkeppnislög er lýst, verklagsreglur eru settar með hliðsjón af samkeppnisréttarlegri áhættu fyrirtækisins og


starfsmenn fá sérstaka kennslu og endurmenntun um gildi samkeppnislaga. Á erlendum vettvangi hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagt ríka áherslu á að fyrirtæki setji sér og framfylgi slíkri samkeppnisréttaráætlun og hér á landi hefur samráðshópur um aukna hagsæld einnig vikið að mikilvægi þessa. Með hliðsjón af þessu er því lag fyrir fyrirtæki hér á landi, sem vilja auka ábata allra haghafa þess og stuðla um leið að heilbrigðri samkeppni, að tileinka sér þær meginreglur sem gilda um vandaða stjórnarhætti og um leið setja skýra samkeppnisréttaráætlun. Þekking á áhættu fyrirtækis, þ.m.t. samkeppnisréttarlegri áhættu, og setning markmiða til að draga úr henni er enda ein lykilskylda stjórnenda fyrirtækja.

Grein Heiðrúnar birtist í Viðskiptablaðinu 20. mars 2014. Áskrifendur geta nálgast blaðið undir liðnum tölublöð hér ([../../../tolublod/](#)).

Tweet

Recommend

0



Skodun MEST LESID

→ (/skodun/)

Guðni Sigurðsson 13. maí

Alþjóðleg samkeppni er líka samkeppni

(/skodun/altjodleg-samkeppni-lika-samkeppni/127642/)

2



Hjörtur Þór Steindórsson 9. maí

Jarðvarmasparnaðurinn og krónan

(/skodun/jardvarmasparnadurinn-og-kronan/127502/)

19. maí

Stormur í aðsigi

(/skodun/stormur-i-adsigi/127760/)

13. maí

Barist við vindinn

(/skodun/barist-vid-vindinn/127762/)

Mest lesið Í DAG | VIKAN | EFTIR VINNU

1



Kröfur í búið námu 120 milljónum

(/frettir/krofur-i-buid-namu-120-milljonum/128012/)

Vantraust innan Samfylkingarinnar

2



(/skodun/vantraust-innan-samfylkingarinnar/127948/)

3



Stytttri vinnuvika eykur framleiðni

(/frettir/stytttri-vinnuvika-eykur-framleidni/128016/)

4



Hætta að fljúga til Venesúela

(/frettir/haetta-ad-fljuga-til-venesuela/128020/)

5



Um 5.000 íbúðir í Kópavogi og Garðabæ

(/frettir/um-5000-ibudir-i-kopavogi-og-gardabae/128010/)

Ræstingar eru heilbrigðismál

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki
554 6088

Hreint RÆSTING

(<http://www.soda.is/qikqik/>)

vefsida=Myllusetur&fwd=1&pub=10569&banner=7351)



Óperusöngvarar opna
Norðurá
(/eftirvinnu/operusongvarar-
opna-nordura/127977/)

Sjónvarp (/sjonvarp/)



Ál mikilvægara en nokkru
sinni fyrr

(/frettir/al-mikilvaegar-en-nokkru-sinni-
fyrr/127909/)



Ljónin úr veginum -
fundurinn í heild sinni

(/frettir/ljonin-i-veginum-fundurinn-i-heild-
sinni/125399/)

Fiskifréttir (<http://www.fiskifrettir.is>)

FARA Á STÍÐU



27. maí
Beinamjöl í stað þurrkunar

(/frettir/beinamjol-i-stad-thurrkunar/127983/)




27. maí
Rannsóknastofa hafsins opnuð í Björgvin

(/frettir/rannsoknastofa-hafsins-opnud-i-bjorgvin/127970/)



27. maí
Skammturinn tekinn á einni klukkustund

Neðanmáls (/nedanmals/)



15. maí
(/frettir/forsetaframbjodendur)

Tölublöð (/tolublod/)



26. maí 19. maí
(/tolublod/files/14126)

Fréttabréf

Vikulegt fréttabréf Viðskiptablaðsins þar sem greint er frá því helsta sem gerst hefur í íslensku og erlendu viðskiptalífi.

Netfang

SENDA

Myllusetur ehf.

Nóatúni 17

105 Reykjavík

Sími: 511-6622

vb@vb.is (mailto:vb@vb.is)

ritstjorn@vb.is (mailto:ritstjorn@vb.is)

askrift@vb.is (mailto:askrift@vb.is)

auglysingar@vb.is (mailto:auglysingar@vb.is)

Tenglar

Um Viðskiptablaðið (/um-bladid/)

Starfsmenn (/um-bladid/starfsmenn/)

Áskrift (/notendur/nyskraning/)

Sölustaðir (/um-bladid/solustadir/)

Innskráning (/notendur/innskraning/)

Efni

Innlent (/frettir/innlent/)

Erlent (/frettir/erlent/)

Sjónvarp (/sjonvarp/)

Eftir vinnu (/eftirvinnu/)

Fólk (/folk/)

Skóðanir

Pistlar (/skodun/pistlar/)

Óðinn (/skodun/odinn/)

Týr (/skodun/tyr/)

Huginn og Muninn (/skodun/huginn-og-muninn/)

Útgáfa

Viðskiptablaðið (www.vb.is)

Fiskifréttir (www.fiskifrettir.is)